

Skipulagsstjóri
Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. mars 2016
UST201602-224/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að aðalskipulagi Akureyrar 2018 – 2030.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Akureyrarbæjar er barst 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að aðalskipulagi Akureyrar 2018 – 2030.

Yfirmarkmið

Umhverfisstofnun tekur undir yfirmarkmið þau er fram eru sett í lýsingunni. Umhverfisstofnun bendir á að varðandi umhverfisgæði s.s. fráveitu, hljóðvist og loftgæði þá er mikilvægt að markmiðin séu tímasett í skipulagsáætluninni. Í kaflanum um forsendur er einnig fjallað um úrbætur í fráveitumálum og í þeim kafla er einnig mikilvægt að áætlanir séu tímasettar.


Náttúruvernd

Í ofangreindri lýsingu er fjallað um náttúruverndaráætlun í umfjöllun um tengsl við aðrar áætlanir. Umhverfisstofnun bendir á að í núgildandi lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er fjallað um náttúruminjaskrá sem skiptist í þrjá hluta. A-hluti er skrá yfir friðlýst svæði. B-hluti er framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. C-hluti er skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í landi Akureyrarbæjar eru svæði á náttúruminjaskrá þ.e. svæði sem ástæða þykir til að vernda. Umhverfisstofnun bendir á að í 68. gr. laga nr. 60/2013 er fjallað um skipulagsgerð, framkvæmdir o.fl.


Umhverfi

Umhverfisstofnun tekur undir áherslu um að gerðar verði tillögur að frekari friðlýsingum í landi Akureyrar og að stefnumótun fyrir upplandið verði fest betur í sessi.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á Glerárgil sem svæði nr. 508 á náttúruminjaskrá. Á náttúruminjaskrá er árgilið frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. Eins og fram kemur í skránni er gilið gróðurrikt, og þar eru fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar og skessukatlar. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að halda giliinu í sinni náttúrulegu mynd eins og kostur er.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur